

Nd.

52. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 26 frá 13. jan. 1938, um bændaskóla.

Flm.: Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrír skólar á landi hér, er veita bændafnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á undirlendi Suðurlands. Ákveður Búnaðarfélag Íslands þeim skóla stað samkvæmt tillögum Búnaðarsambands Suðurlands. Við það staðarval ber einkum að gæta þess, að skólinn verði vel í sveit settur og miklir og fjölbreytilegir möguleikar fyrir hendi til nauðsynlegra starfa og tilrauna á slíkum skóla. Einnig skal þess gætt, að jörð, sem nú er í rikiseign, verði, að öðru jöfnu, valin til þessarar hagnýtingar. — Allir þessir skólar nefnast bændaskólar.

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna — og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. Ennfremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný gr. (14. gr.), og breytist greinatalan síðan samkvæmt því. Lagagrein þessi hljóði svo:

Eftir að lög þessi öðlast gildi, skal skóla Suðurlandssvæðisins valinn staður án undandráttar, og verði skólinn síðan reistur á kostnað ríkisins, svo fljótt sem unnt verður, og fé veitt til þess í fjárlögum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar stofnað var til búnaðarskóla hér á landi, síðari hluta 19. aldar, hefði réttmætt verið, að sá fyrsti þeirra fengi bólfestu á Suðurlandsundirlendinu, sem er meginhluti þess landsfjórðungs, er með mestum blóma er alls Íslands fyrir landskosta sakir o. fl., svo sem í Landnámu segir. Þannig áleizt það í öndverðu Íslandsbyggðar og svo er það enn í dag. — Suðurlandssvæðið er langmest og víðlendast allra samfelldra byggðarlaga þessa lands og náttúran hefir búið það þeim kostum og skilyrðum til þróunar, er lengi munu endast.

Eigi bændaskóli að njóta sín, þarf kennslan að vera góð, skólajörðin stór og fjölbreytt, svo að aldrei skorti verkefni, og skólinn þarf ennfremur að vera þannig í sveit settur, að menningaráhrifa hans gæti sem best og á meðal margra; en til þess að svo megi verða, á hann að vera í miklu byggðarlagi og liggja þannig við þjóðvegum, að greitt sé til heimsókna, laðandi og örvandi til manndóms og nyt-samra verka. Án slíkra áhrifa svarar bændaskóli eigi tilgangi sínum.

Þegar á þetta er litið, hefir nú nokkur skipun komizt á, er lögfestur hefir verið bændaskóli nálægt miðbiki Norðurlands, að Hólum í Hjaltadal, og annar í hinu blómlega Borgarfjarðarhéraði, að Hvanneyri. En mikið skortir þó á, meðan Suðurland er sett hjá. Er of mikið umburðarlyndi að una því, og leiðrétting þess málefnis er slíkt sanngirniss- og nauðsynjamál, að treysta verður því, að sú leiðrétting fáist greiðlega með samþykkt frumvarps þessa.

Hinar miklu áveitur austanfjalls, Mjólkurbú Flóamanna og dugur bænda þar eystra víðsvegar um sveitir til margskonar búnaðarframkvæmda er nóg til að sýna það og sanna, að héraðið og íbúar þess eru vel að því komnir að fá bændaskóla á meðal sín, þar sem verkefni eru þrotlaus og því treyst, að enn megi betur verða.

Nú, er þjóðin hefir vaknað til vitundar um það, að sveitirnar þurfi að blómgast og byggjast betur en orðið er, ef vel á að fara, virðist köllunartími vasklegrar og hagnýtrar bændamenningar kominn. Þetta ætlunarverk verða bændaskólarnir að inna af höndum sem forverðir stéttar sinnar. — Skólar landsins eru að vísu margir og dreifimenntun í algleymingi með ýmsum áhrifum, góðum og illum. Bændaskólarnir vinna markvíst til beinna þjóðþrifa; því á stofnun þeirra og aðhlynning að vera í fyrirrúmi þar, sem mest verkefni eru fyrir hendi. Á þeim rökum er frumvarp þetta reist.

Það verður að teljast réttmætt og hezt á því fara, að Búnaðarsamband Suðurlands ráði mestu um staðarvalið með lokaákvörðun Búnaðarfélags Íslands. Á að vera óþarft að kvíða þar ágreiningi. Er nógú úr að velja. Þykir og hentugt, að jörð, sem nú er eign ríkisins, verði tekin til þessara nota. Þær eignir eru nú orðnar margar og góðar þar í austursveitum.

Þó að skólastofnun þessi sé aðkallandi, má að vísu búast við einhverjum drætti á framkvæmdum vegna hernaðarástandsins, og þannig er nú um svo margt, er gera þarf. En undirbúningurinn er jafnsjálfsagður fyrir því, í trausti þess, að fyrr en varir kunni að greiðast úr þeim vanda.